

Nemendafing 19.nóvember 2020

Samantekt 1.-4.bekkur

Hvað vita þau í 1.-4.bekk um Covid-19

Það byrjaði í Kína og kom frá leðurblökum. Það geta allir smitast og þess vegna þurfum við að vera dugleg að þvo og spritta hendurnar. Við eigum að halda tveggja metra fjarlægð en maður þarf ekki að vera hræddur. Við getum orðið veik og þá misst lyktar- og bragðskynið. Nemendur í 4.bekk skrifa "Mega ekki vera margir á sama stað í einu því þá geta allir smitast. Þegar covid klárast verður party! "

Þetta fannst nemendum í 1.-4.bekk leiðinlegt við Covid-19:

Þeim finnst leiðinlegt að mega ekki knúsa fólkið sitt, ekkert íþróttastarf, engar utanlandsferðir og erfitt að fara til Reykjavíkur. Búið að fresta ýmsum viðburðum eins og t.d afmælum og árshátíð skólans. Nemendur í 2.bekk nefna að það hafi þurft að loka hótelum, það séu fáir ferðamenn og margir atvinnulausir. Þeim finnst leiðinlegt að geta ekki hitt vini sína í öðrum bekkjum og nemendur í 3. og 4. bekk finnst erfitt að fara svona seint í mat.

Krakkarnir sjá líka ýmislegt jákvætt við Covid-19:

Þau eru búin að ferðast meira um Ísland og sjá meira af landinu okkar. Mamma og pabbi eru meira heima. Þau voru mjög sátt við smá Covid-19 "frí" og eru ánægð að það séu að koma covid sprautur. Þeim finnst gott að hafa svæðaskiptar frímútur og bekkurinn hefur þjappast meira saman.

Nemendur voru beðnir um að koma með hugmyndir að því hvernig er hægt að brjóta upp daginn:

Í skólanum vildu þau halda árshátíð í gegnum tölvuna hver bekkur fyrir sig handa mömmu og pabba. Fara meira út t.d. lengja frímínútur, lita, lesa, spila tölvuleiki, hafa frjálst, blanda bekkjum í frímó, fara í fótbolta, körfubolta og frisbígolf.

Heima vildu þau gera eitthvað með foreldrum sínum úti eða inni, fara á ærslabelginn, hjóla, labba, spila, baka, skreyta fyrir jólin og heimsækja ömmu og afa þegar það verður í boði. Einhver stakk upp á því að þau gætu tekið til í herbergjunum sínum.

Nemendaping 19.nóvember 2020

Samantekt 5.-10.bekkur

Hvað vita nemendur í 5.-10.bekk um Covid-19?

Það veit enginn hvaðan Covid-19 kom en margir halda að það komi frá Wuhan í Kína. Eldra fólk, ungabörn og fólk sem þjáist af undirliggjandi sjúkdómum eins og lungna og hjartasjúkdómum, lélegt ofnæmiskerfi eru í áhættuhópi. Sumir missa bragð og lyktarskyn. Veiran smitast meira í kringum fullorðna heldur en börn. Nemendur í 8. bekk sögðu "Setur pressu á sjúkrahúsin".

Hvernig upplifa nemendur í 5.-10.bekk samfélagið á tímum Covid-19?

Þau upplifa mikið stress og reiði í fólki. Þeim finnst vera lítil tilbreyting frá degi til dags. Einn hópur nefnir að það sé óþægilegt að hósta fyrir framan annað fólk. Þeim finnst bæði erfitt og leiðinlegt að vera með grímu í skólanum. Allt er breytt í samfélaginu þau mega ekki fara til útlanda eða vera mörg saman í einu á sama stað, Sumum nemendum finnst þeir verða latari í svona ástandi. Þeim finnst þau samt heppnari en nemendur í Reykjavík því reglurnar hafa verið strangari þar og meira um smit.

Hvaða Hömlur hafa nemendur upplifað í Covid-19?

Nemendur hafa svipaða sögu að segja og nemendur á yngra stigi, þau sakna þess að komast ekki á íþróttæfingar og í sund ásamt því að geta minna hitt ömmur og afa. Þau komust ekki í Þrykkjuna og mörgum viðburðum hefur verið frestað eins og t.d fermingum. Margir nemendur upplifa litlar breytingar nema það að þau þurfi að hafa grímu.

Nemendur sjá líka margt jákvætt við Covid-19:

Það er minni mengun sem hægir á loftlagsbreytingum. Þeim finnst þau fá meiri tíma til að gera hluti, sinna t.d heimanámi vegna þess að það eru engar íþróttæfingar. Þau eru sátt með að eyða meiri tíma með fjölskyldunni sinni og það að fá að fara heim í hádeginu í mat. Í 5.bekk nefndu nemendur að þau hugsu betur um heilsuna og einhverjir nemendur í 9.bekk reyndu að finna ný áhugamál.

Það sem nemendum á unglingsstigi dettur í hug að gera til að brjóta upp daginn er t.d

Í skólanum; Spila Among Us í skólanum, teikna, meira frjálst, tefla, hugsa jákvætt, baka, gæðastundir, spila Among us með bekknum, meira kahoot, útikennsla

Eftir skóla: safna pening fyrir fátæka/gera góðverk, fara út og hreyfa sig, hittast og spila tölvuleiki, vera úti að leika, fara í Þrykkjuna, baka, fara langa hjólatúra og vera í friði, bekkjarkvöld, skreyta húsið og gera jólalegt, dansa og vera meira með fjölskyldunni.